

## Tungumálatöfrar á Menningarlandinu 2017

Menningarlandið er árleg ráðstefna um barnamenningu og var hún haldin þetta árið 13.-14. september í menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Fulltrúar Tungumálatöfra, þau Ísabel Alejandra Díaz og Jón Gunnar Biering Margeirsson fóru fyrir hönd verkefnisins og kynntu það fyrir þáttakendum ráðstefnunnar.

Þáttakendur ráðstefnunnar voru mest megnis aðilar frá menningarstofnunum víðsvegar um landið, aðilar í forsvari fyrir ýmis verkefni tengd börnum og barnamenningu, ásamt þeim sem styrkja ýmis menningartengd verkefni.

Aðalkynningar og fyrirlesarar ráðstefnunnar komu frá talsmönnum stærri stofnanna sem vinna efni fyrir börn líkt og Krakka RÚV. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru frá bresku stofnuninni Southbank Center sem skipuleggur hundruði listviðburða árlega fyrir börn ásamt því að vera með stór verkefni sem ganga ár frá ári. Mjög fróðlegt var að fá innsýn inn í þennan heim og ánægjulegt að sjá hversu margt og mikið er hægt að gera fyrir börn þegar unnið er markvisst að hlutunum.

Tungumálatöfrar kynntu sína vinnu ásamt fjölda annarra verkefna á ráðstefnunni. Fluttu fulltrúar Tungumálatöfra fimm kynningar fyrir litla til miðlungsstóra hópa. Færri komust á kynninguna en vildu vegna þröngs tímaramma á ráðstefnunni. Kynning verkefnisins gekk vonum framár og sýndu þáttakendur ráðstefnunnar því mikla athygli.

Tungumálatöfrar var eina verkefnið þar sem unnið er með tungumálakennslu með hjálp listformanna og var það einmitt sú nálgun sem heillaði gesti ráðstefnunnar. Fulltrúar Tungumálatöfra fengu til að mynda fyrirspurn um hvort hægt væri að kaupa námskeiðið. Svo að fjöltyngd börn á fleiri stöðum á landinu gætu fengið tækifæri til að læra íslensku með hjálp listformanna. Aðilar frá sjóðum sem styrkja menningarviðburði voru miður sín að geta ekki styrkt verkefnið þar sem það sé ekki listviðburður og vonuðust til að það fengi að styrkjast og dafna því næg væri þörfin og verkefnið gott. Þannig fundu fulltrúar Tungumálatöfra fyrir miklum meðbyr og hvatningu að halda starfi sínu áfram samfélaginu sínu til framdráttar.

Verkefnið tungumálatöfrar átti mikið erindi á ráðstefnunna þótt í fyrstu liti það ekki þannig út. Það skar sig algjörlega út sem samfélagsverkefni meðan nánast öll önnur verkefni sem verið var að kynna voru aðallega stofnanir að kynna starfsemi sína eða listahópar að selja sín verkefni. Vegna þessa mikla mun spratt upp umræðan um mikilvægi samfélagsverkefna þar sem listformin séu notuð til að nálgast ýmis viðfangsefni og þörf þeirra. Sérstaklega þá tungumálakennsla sem og að nota listformin sem jákvæða leið til að aðstoða við aðlögun fyrir fjöltyngda samfélagið á Íslandi. Þá var Ísafjarðabær rómaður fyrir að vera stuðningsaðili og þáttakandi í þróun tungumálatöfra sem bersýnilega er mjög jákvæð viðbót við tungumálakennslu.

Isabel Alejandra Díaz, verkefnisstjóri Tungumálatöfra